

REGLUGERÐ

um holræsi fyrir Ísafjarðarkaupstað.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

- 1.1. Reglugerð þessi gildir um allt lögsagnarumdæmi Ísafjarðarkaupstaðar.
- 1.2. Bæjarstjórn ákveður lagningu holræsa, aðalæða og götuæða.
Tæknideild bæjarins sér um hönnun, uppbyggingu og rekstur holræsakerfisins.
- 1.3. Hverjum þeim, sem húseign á, sem hægt er að tengja holræsakerfi bæjarins, er skylt að tengja þá húseign við holræsakerfið.
Ef ekki er unnt eða ekki talið ráðlegt, að dómi Tæknideildar, að tengja húseign við holræsakerfið, ber að haga frágangi frárennislislagna samkvæmt fyrirmælum deildarinnar.
- 1.4. Hyggist húseigandi tengja ræsi frá húseign sinni við holræsakerfi bæjarins eða gera breytingar eða viðbætur við eldra ræsi ber honum að fá til þess skriflegt leyfi Tæknideildarinnar. Umsóknir um leyfi ber að skrifa á cyðublöð, sem fást á skrifstofu deildarinnar, og skulu þær undirritaðar af húseiganda eða umboðsmanni hans.
- 1.5. Með umsókninni skal fylgja uppdráttur af fyrirhuguðum frárennislögnum og/eða breytingum á þeim eldri. Uppdráttur skal gerður af byggingaverkfræðingi, byggingateknifræðingi eða pípulagningameistara, sem hlotið hefur löggildingu bæjarstjórnar.
- 1.6. Sá, sem uppdrátt gerir, skal undirrita hann eigin hendi og ber hann ábyrgð á, að uppdrátturinn sé í samræmi við reglugerð þessa og brjóti hvergi í bága við byggingar-, brunamála- og heilbrigðissamþykkt né aðrar reglur, sem í gildi eru og settar kunna að verða.
- 1.7. Uppdráttum skal skila í tvíriti. Þeir skulu gerðir á hald- og endingargóðan pappír. Stærð uppdráttar skal vera í samræmi við IST 60 (isl. staðal nr 60). Uppdrættir skulu sýna allar lagnir, í grunnmynd og rúmmynd, utan húss og innan, sem tengjast eiga holræsakerfi bæjarins.
Öll tæki, vatnslásar, niðurföll, hreinsilok og brunnar, sem kerfinu tilheyra, skulu og sýnd. Taka skal fram um efni, vídd og halla allra lagna. Nota skal tákn í samræmi við íslenskan staðal.
Auk þess skal fylgja málsett afstöðumynd (1:500) er sýnir tengingu húsakerfis við holræsi í götu. Sérteikning skal fylgja af fitu-, sand-, olíu- og bensingildrum.
Allar hæðartölur skulu vera í hæðarkerfi Ísafjarðar. Tæknideild bæjarins getur krafist frekari upplýsinga telji hún þeirra þörf.
- 1.8. Þegar uppdráttur hefur hlotið samþykki Tæknideildar, skal stimpla og árita bæði eintökin og skal annað eintakið geymt í skjalasafni deildarinnar.
- 1.9. Pípulagningameistarar, sem hlotið hafa löggildingu bæjarstjórnar hafa einir rétt til að annast holræsalagnir, og gildir það jafnt um nýlagnir og breytingar og/eða viðgerðir á eldri lögnum. Þeir hafa ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við reglugerð þessa, samþykktan uppdrátt og nánari fyrirmæli, er kunna að verða sett. Ef pípulagningameistari eða starfsmenn, sem hann ber ábyrgð á, brjóta í bága við reglugerð þessa, getur Tæknideildin veitt honum áminningu. Sé um miklar sakir eða ítrekuð brot að ræða, getur bæjarstjórn svipt hann löggildingu um lengri eða skemmri tíma.

- 1.10. Pípulagningameistari sá, sem verkið á að vinna, ritar nafn sitt á bæði eintök samþykktis uppdráttar, áður en verkið hefst. Sé skipt um pípulagningameistara, meðan á verki stendur, skal tilkynna það Tæknideildinni. Skal pípulagningameistari sá, er tekur við, gefa skriflegar upplýsingar um, hversu miklum hluta verksins sé þegar lokið. Honum er ekki heimilt að halda áfram verkinu, fyrr en hann hefur áritað áður nefndan uppdrátt.
- Áritaður uppdráttur skal ávallt ver á vinnustað. Uppdráttur fellur úr gildi eftir eitt ár, sé þá ekki farið að vinna eftir honum.
- 1.11. Með samþykkt uppdráttar er engin ábyrgð tekin á því, að unnt sé að leggja holræsi samkvæmt honum, vegna lagna eða annarra mannvirkja, er kunna að vera fyrir.
- 1.12. Tæknideildin skal hafa eftirlit með því, að lagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og reglugerð þessa. Engar frárennislagnir má hylja fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af Tæknideildinni. Sé verk, að álitu Tæknideildar, ekki unnið í samræmi við reglugerð þessa eða reglur, sem kunna að verða settar, getur hún stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr ágöllum.
- Eftirlit Tæknideildarinnar rýrir á engan hátt ábyrgð pípulagningameistara sbr. 1.9.
- 1.13. Þegar Tæknideildin hefur samþykkt uppdrátt, getur deildin heimilað tengingu við holræsakerfi bæjarins gegn sérstöku gjaldi, sem bæjarstjórn ákveður. Tæknideildin getur ákveðið að frárennislögn utan húss eða hluti hennar skuli lagður af starfsmönnum deildarinnar á kostnað eiganda. Ef fleiri húseigendur eiga hlut að máli ákveður Tæknideild skiptingu kostnaðar.
- Allar viðgerðir á götum eða öðrum svæðum, er gera þarf vegna frárennislagna, strax að verkinu loknu eða síðar, skulu gerðar á kostnað húseigenda. Að jafnaði skal ein lögn vera frá hverri húseign út í holræsi bæjarins.
- 1.14. Skytt er mönnum að hlíta því, að holræsi sé lagt um eignarland þeirra eða umráðasvæði og fari fram á holræsinu nauðsynlegt viðhald.
- Um batur fyrir slíkt fer sky. ákvæðum vatnalaga.
- 1.15. Eigi er heimilt að veita frárennsli, er valdið getur skemmdum á holræsakerfinu eða truflað rekstur þess, út í göturæsi. Þannig má ekki veita út í göturæsi vökvum, sem innihalda mikið magn fitu, súrum vökvum, vökvum, sem eru heitari en 35°C, mælt í götubrunni, oliu, bensín eða öðrum efnum, sem hætta eða óþægindi geta stafað af. Þar sem hætta er á, að skólp innihaldi ofangreind efni, ber húseiganda að gera ráðstafanir til að fjarlægja þau, eða gera óskaðleg, áður en því er veitt út í holræsakerfið.
- Ráðstafanir þessar skulu hljóta samþykki Tæknideildarinnar.
- 1.16. Húseigendum ber að sjá um hreinsun á frárennislögnum frá húsum sínum og gæta þess, að þær stíflist ekki.
- Rotþrær skal hreinsa a. m. k. einu sinni á ári. Fitu-, oliu-, bensín- og sandgildrur o. þ. h. ber að hreinsa reglulega, þannig að tryggt sé, að útbúnaðurinn gegni hlutverki sínu.
- 1.17. Frárennislögnum, sem teknar hafa verið úr notkun, skal loka tryggilega.
- 1.18. Holræsagjald skal greiða árlega til Bæjarsjóðs Ísafjarðar af öllum eignum, sem metnar eru til fasteignamats og skal vera 0,20% af fasteignamati húss og lóðar, eins og það er á hverjum tíma. Undanþága frá greiðslu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþága frá greiðslu holræsagjalds. Heimilt er bæjarstjórn, fyrir eitt ár í senn, að hækka eða lækka holræsagjaldið um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins.
- 1.19. Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og er hann ábyrgur fyrir greiðslu þess gagnvart Bæjarsjóði. Kröfur, sem Bæjarsjóður kann að öðlast samkvæmt reglugerð þessari, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda og eru gjöld þessi tryggð

með lögveði í húseigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði. Gjalddagi holræsagjalds er ár hvert, en bæjarstjórn getur ákveðið að innheimta það á fleiri gjalddögum árlega um leið og hinn almenni fasteignaskattur er innheimtur.

II. KAFLI

Lagnir innanhúss (ofan grunnplötu).

- 2.1. Allar skólplagnir ber að leggja (einangra) svo, að frost nái ekki til þeirra. Þar sem pípur eru í vegggraufum, skulu raufarnar vera svo víðar, að pípurarnar snerti ekki vegginn, og nægri einangrun verði við komið, bæði hvað viðvíkur hljóði og hita.
- 2.2. Lagnir milli hæða, fallpípur, skulu vera lóðréttar, þar sem því verður við komið.
- 2.3. Stefubreytingar skulu gerðar með beygjum, og skulu þær vera gleiðari en 90° .

Lagnir, sem tengdar eru fallpípu, hliðarlagnir, skulu tengdar í greinpípu með skástút. Ef tvær hliðarlagnir eru tengdar við fallpípu í sömu hæð má ekki nota greinar með krappara horni en 135° . Við tengingar á misviðum pípum skal nota minnkanir.

- 2.4. Aldrei má mjókka lögna í stefnu rennslis.
- 2.5. Lagnir skulu að jafnaði hafa að minnsta kosti 50% halla. Tæknideildin getur þó leyft, ef sérstaklega stendur á, að halli sé minni, en þó ekki minni en 20%.
- 2.6. Hreinsilok skulu sett neðst á fallpípur og annars staðar, þar sem þörf er á, þannig að auðveldlega megi hreinsa allt kerfið.
- 2.7. Séu fleiri en eitt tæki tengd við sömu fallpípu skulu lagnir og vatnslásar svo gerð, að skólpl geti ekki runnið milli lækja, né vatnslásar tæmst við venjulega notkun.
- 2.8. Loftrás skal vera á öllum fallpípum, er salerni og eldhúsvaskar eru tengd við. Loftrásin skal ná upp fyrir þak eða út fyrir vegg undir þakbrún og þannig frá gengið, að ekki valdi óþægindum.
- 2.9. Þar sem tæki eru tengd beint í holræsi undir húsi, er loftræstingar ekki krafist.
- 2.10. Allt lagnarefni og frágangur þess skal hljóta samþykkt Tæknideildar.

III. KAFLI

Þakrennur og niðurföll.

- 3.1. Þverskurðar flatarmál þakrenna skal vera 0,5—1,0 cm² pr. m² af ofanvarpi þakflatar, á þann lárétta flöt, sem tengdur er rennunni. Hámarksfjarlægð milli niðurfalla skal vera 20 m.
- 3.2. Allt efni til og frágangur þakrenna og niðurfalla skal hljóta samþykki Tæknideildar.

IV. KAFLI

Utanhússlagnir, rotþrær o. fl.

- 4.1. Botn holræsa utanhúss má ekki leggja grynna en 1,20 m frá yfirborði jarðvegs.
- 4.2. Holræsin skulu hafa minnstan halla 20% og mestan halla 300% (10% jafngilda 1 cm á m).

Tæknideild getur þó leyft 15% halla, sé um verulegt skólpmagn að ræða.

Á 100 mm regnvatnslögum má minnstur halli vera 10% og á 150 mm lögnum minnst 5%.

- 4.3. Lagnir sem tengdar eru vatnssalernum eða þvottaherbergjum skulu eigi vera grennri en 150 mm, og engar lagnir undir húsum grennri en 100 mm.
- 4.4. Stefnubreytingar skulu gerðar með beygju, og skulu þær ekki vera krappari en 135°. Við tengingar skal nota greinípípur.
- 4.5. Hreinsilok og hreinsibrunna skal setja á lagnir eftir því sem þörf krefur, svo auðveldlega megi hreinsa allt kerfið. Hreinsibrunna á lögnum, allt að 200 mm, má gera úr 300 mm steinröri. Botn brunns skal vera í sömu hæð og lög frá honum, en horn og kverkar þannig gerð, að ekki safnist botnlag.
- 4.6. Pípur, sem liggja samhliða undirstöðum, skal leggja þannig, að burðargeta undirstaðanna rýrni ekki. Þar sem pípur ganga í gegnum undirstöður, skal þess gætt, að sig geti ekki valdið skemmdum á pípunum.
- 4.7. Aldrei má mjókka lög in stefnu rennslis.
- 4.8. Ganga skal þannig frá skólplögnum, að óþef leggi ekki frá þeim né vatnslásar tæmist við sog.
- 4.9. Heimilt er að setja einstreymisloka á lagnir, ef hætta er á, að inn í þær flæði, enda flytji þær ekki frárennslis frá salernum eða þvagskálum.
- 4.10. Frárennslis frá sjúkrahúsum má ekki leiða út í holræsakerfi bæjarins, fyrr en það hefur verið hreinsað. Heilbrigðisfulltrúi og Tæknideild skulu samþykka hreinsunaraðferð.
- 4.11. Þar sem skólplögn inniheldur mikið magn fitu (sbr. 1.15), skal það leitt í loft-ræstan fitubrunn.

Fitubrunnum skal að jafnaði komið fyrir utanhúss, og þannig, að auðvelt sé að hreinsa þá.

Frárennslis frá salernum má ekki tengja fitubrunnum. Í húsum þar sem ekki hefur verið séð fyrir sérstökum lögnum fyrir vaska og önnur tæki, sem mikil fita fer í, má koma fyrir fitugildrum innanhúss.

Fitugildir skulu þá gerðar úr málm, sem tærist ekki, og settar eins nærri tæki því, sem um ræðir, og unnt er.

Gerð og frágangur fitubrunna og fitugildra eru háð samþykki Tæknideildar.

- 4.12. Á skólplagnir frá bensinstöðvum, smurstöðvum, verkstæðum og öðrum þeim stöðum, þar sem olía eða bensín kann að berast út í holræsakerfi bæjarins, skal setja bensín- og oliugildru. Gildir þessar skulu hljóta samþykki Tæknideildar og slökkviliðsstjóra, áður en þær eru teknar í notkun.
- 4.13. Eigi er heimilt að veita gufu, t. d. frá efnalaugum og þvottahúsum, beint út í holræsakerfið. Skulu ráðstafanir gerðar til að þétta gufuna, áður en henni er veitt gegnum vatnslás út í holræsi.
- 4.14. Þegar svo er ástatt, sem segir í 1.3, getur Tæknideildin leyft, að gerð sé rotþró fyrir frárennslis hússins.

Umsókn um slíkt skal fylgja teikning, er sýni gerð og staðsetningu fyrirhugaðrar rotþróar.

Rotþró skal gerð úr steinsteypu eða steinsteypupípum. Lok skal gera úr steinsteypu eða steypujárni og þannig frá gengið, að auðvelt sé að hreinsa þróna.

Í rotþró skulu eigi vera færri hölf en tvö, og skal hún vera loftræst.

Ekki má taka rotþró í notkun fyrr en hún hefur hlotið viðurkenningu heilbrigðisfulltrúa.

- 4.15. Í lagnir í jörð má nota steinsteyptar pípur, bikaðar steypujárnspípur eða pípur úr öðru efni, sem Tæknideildin samþykkir.

Pípur skulu lagðar þannig, að þær hvíli á belgnum, en ekki múffum, og skal þess gætt, að lögnin sé hein. Pípurarnar skulu lagðar á þétta undirstöðu (t. d. möl) og vel þjappað að þeim. Déttingaraðferð er háð samþykki Tækni-deildar.

Pípur skulu varðar ef hætta er á, að skólpið innihaldi jarðvegssýrur eða önnur skaðleg efni.

V. KAFLI

Refsiákvæði o. fl.

5.1. Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 100 000.00 — eitt hundrað þús. kr. —, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál út af slíkum brotum skal farið með að hætti opinberra mála.

5.2. Nú vanrækir maður að vinna verk, sem Tæknideild hefur fyrirskipað, skv. reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, og er þá Tækni-deildinni heimilt að láta vinna það, sem þarf á kostnað aðila.

Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða, en innheimta síðan hjá aðila og með lögtaki, ef þörf krefur.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 42 11. júlí 1911, sbr. X. kafla laga nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. nóvember 1973.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

29. nóvember 1973.

Nr. 373.

G J A L D S K R Á

fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatn úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi Hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 20.05 fyrir hvern rúmmetra vatns. Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar, áætla Hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.